

**REGLUGERÐ**  
**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1441/2024**  
**um úthlutun aflamarks í grásleppu til nýliða.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Nýliði samkvæmt reglugerð þessari telst sá aðili sem á skip, sem ekki hefur skráða aflahlutdeild og hefur ekki fengið úthlutað aflahlutdeild eða átti rétt á aflahlutdeild í grásleppu vegna fiskveiðiársins 2024/2025.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 og 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 27. janúar 2025.*

**Hanna Katrín Friðriksson**  
atvinnuvegaráðherra.

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 4. febrúar 2025